

**Nd.**

## **687. Breytingartillögur**

við frv. til l. um eftirlit með verzlun með fóðurvörur.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:  
Tilraunaráð búfjárræktar, sem skipað er samkvæmt lögum nr. 64 7. maí 1940, skal hafa eftirlit með framleiðslu og verzlun fóðurvara, sem ætlaðar eru til skepnufóðurs, eftir því sem fyrir er mælt í lögum þessum.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:  
Eftir gildistöku laga þessara má enginn framleiða til sölu né flytja inn fóðurblandur, nema með leyfi landbúnaðarráðherra, sem veitir leyfin að fengnum tillögum tilraunaráðs búfjárræktar.
3. Við 4. gr.
  - a. 4. liður orðist svo: Upplýsingar um hvaða búfjartegund blandan er ætluð.
  - b. Í stað „Mve“ í b-lið kemur: Hve.
4. Við 5. gr. Greinin orðist svo:  
Þeir, sem verzla með fóðurblandur, skulu ársfjórðungslega greiða eftirlitsgjald af hverri smálest, sem þeir selja. Landbúnaðarráðherra ákveður gjald þetta fyrir fram fyrir hvert ár. Heimilt er að leggja gjald þetta á vöruna.
5. Við 9. gr. Greinin orðist svo:  
Trúnaðarmenn tilraunaráðs, er taka sýnishorn af fóðurblandum til efnagreiningar, skulu minnst taka þau þrisvar árlega hjá hverjum framleiðanda. Sýnishornin skulu tekin á framleiðslustað úr lokuðum pokum, sem tilbúnir eru til afhendingar. Þess skal gætt, að framleiðendur fóðurblandna fái enga vitneskju um, hvenær sýnishornataka á að fara fram. Sýnishorn skal taka úr 10. hverjum poka að jafnaði, þó skal aldrei taka færri en 5 sýnishorn af hverri tegund. Sýnishorn skulu tekin með þar til gerðum bor.  
Trúnaðarmönnum tilraunaráðs er heimilt, hvenær sem er, að taka sýnishorn af fóðurblandum til efnagreiningar hjá verzlunum, sem verzla með þær vörur, svo og hjá einstökum bændum. Ekki skulu tekin færri sýnishorn en 3 af hverri tegund, og aðeins úr pokum, sem víska er um, að hafi ekki verið opnaðir síðan þeir voru afhentir frá framleiðslustað.
6. Við 10. gr. Fyrsti másl. greinarinnar orðist svo:  
Þegar efnagreining hefur verið framkvæmd á sýnishornum, sem tekin eru til rannsóknar samkvæmt 9. gr., skal hverjum hlutaðeiganda send tilkynning um niðurstöður rannsóknanna.
7. Við 11. gr. Orðin „í búnaðarblaðinu Frey“ í fyrsta másl. falli niður.
8. Við 13.—15. gr. Greinarnar falli niður. Greinatalan breytist samkvæmt því.
9. Fyrirsögn frv. orðist svo:  
Frumvarp til laga um eftirlit með framleiðslu og verzlun fóðurvara.